



Alþingi
Erindi nr. P 138/1099
komudagur 26.2.2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26.02 2010
Mál: 201002-0014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána. (392 mál)

Alþýðusamband Íslands styður framangreint frumvarp. Nauðsynlegt er að meðferð einkamála er varða lögmæti annarrar viðmiðunar í lánsviðskiptum en verðtryggingar og vaxta verði flýtt svo sem verða má og að nauðungarsölur fari á meðan ekki fram á grundvelli þeirra.

Sú athugasemd er gerð við 2.gr., hvort notkun hugtaksins „dagsgengi“ geti gefið tilefni til ágreinings eða vafa í framkvæmd en hugtakið er nokkru þrengra en hugtakið „gengistrygging“.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþingi
Erindi nr. P 138/3033
komudagur 19.8.2010



Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.stjr.is
domsmalaraduneyti.is

Reykjavík 13. ágúst 2010
Tilv.: DMR10070012/4.91.0

Hjálagt sendist allsherjarnefnd til upplýsingar svar réttarfarsnefndar við bréfi ráðuneytisins varðandi reglur réttarfarslaga um flýtimeðferð álitamála er tengjast gengistryggingu fjárskuldbindinga. Í svari réttarfarsnefndar kemur fram að ástæðulaust sé að mæla í lögum fyrir um flýtimeðferð þessara mála og mælir eindregið gegn því að lögum um meðferð einkamála verði breytt í þá veru.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Bryndís Helgadóttir".

Bryndís Helgadóttir

DÓMSMÁLA- OG MANNRETTINDARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 4. 91. 0	Ábm. RA
Innk.: 21. JÚLÍ 2010	
DMR 10070012	

Réttarfarsnefnd


Reykjavík, 21. júlí 2010.

Dómsmálaráðuneytið
v.t. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri
Skuggasundi
150 Reykjavík.

Réttarfarsnefnd vísar til bréfs ráðuneytisins 2. júlí 2010 í tilefni af erindi Samtaka atvinnulífsins, þar sem óskað er eftir að ráðherra beiti sér fyrir því að dómsmál, sem lúta að ýmsum álitaeftum í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands 16. júní sl. um ólögætti þess að gengistryggja fjárskuldbindingar, fái flýtimeðferð hjá dómstólum. Fer ráðuneytið þess á leit að nefndin geri tillögur um breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um flýtimeðferð umræddra dómsmála.

Af þessu tilefni bendir réttarfarsnefnd á að lagareglum um flýtimeðferð í XIX. kafla laga nr. 91/1991 er aðallega ætlað að koma í veg fyrir að sá, sem mál er höfðað gegn, geti tafið rekstur máls, eftir atvikum með þeim afleiðingum að hagsmunir, sem málið varðar, líði undir lok og því verði vísað frá dómi af þeim sökum. Með þessum reglum er sú skylda lögð á dómstóla að afgreiða hratt mál, sem sæta slíkri meðferð, án tillits til afstöðu málsaðila. Dómsmál sem lúta að gengistryggingu lána hafa fengið mjög greiða leið um dómskerfið fyrir atbeina bæði dómstóla og málsaðila. Á það jafnt við um þau mál sem lauk með dómum Hæstaréttar 16. júní sl. og mál sem nú eru rekin fyrir dómstólum. Því er með öllu ástæðulaust að mæla í lögum fyrir um flýtimeðferð þessara mála. Einnig skal á það bent að fjöldi þessara mála er mikill og ástæðulaust er að öllum málum ljúki með dómi. Nægir í þeim efnum að nokkur mál verði dæmd svo að skorið verði úr um réttaróvissu. Því getur með engu móti átt við að öll mál af þessu tagi fái flýtimeðferð. Af þessum sökum mælir réttarfarsnefnd eindregið gegn því að lögum nr. 91/1991 verði breytt á þann hátt, sem hér um ræðir. Óski ráðuneytið allt að einu eftir tillögum um breytingar á lögunum af þessu tilefni mun nefndin láta þær í té.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason, ritari



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 138/1232
komudagur 11. 3. 2010

Reykjavík, 11. mars 2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Dómstólaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, þskj. 700 – 392. mál.


Umsögn dómstólaráðs lýtur eingöngu að flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, en með frumvarpinu er lagt til að við lög um meðferð einkamála bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að mál vegna ágreinings milli aðila um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla sæti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa nýlega fallið tveir dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna gengistryggðra lána. Dómum þessum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og bíða þar meðferðar réttarins.

Dómstólaráð telur það ekki þjóna neinum tilgangi að keyra ótiltekinn fjölda mála af þessum toga gegnum héraðsdómstóla, heldur sé skynsamlegt að bíða niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindum málum. Er þess að geta að fjöldi slíkra mála er rekinn fyrir héraðsdómstólum og nú þegar hefur aðalmeðferð verið frestað í málum meðan beðið er eftir að skorið verði úr réttarágreiningnum í Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu leggst dómstólaráð gegn því að ákvæði 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga.

F.h. dómstólaráðs,



Helgi I. Jónsson,
starfandi formaður

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Valkostir skjals:

Áskriftir:

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **17.03.2010**
Málsnúmer: **EVR09100438**
Bréfalykill: **6.1**

Efni: Mál 278 - frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Tilmæli
ráðherra:

Texti:

Ósk til viðskiptanefndar um leiðréttingu á misfærslu og breytingar á frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins

Í kjölfar þess að frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins var lagt fram á Alþingi, barst ráðuneytinu ábending frá Brunamálastofnun og umhverfisráðuneytinu um að í frumvarpinu væri að finna misfærslu. Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að orðin "og veitt til fimm ára í senn" í 2. mgr. 8. gr. laganna falli brott. Það leyfi sem hér ræðir um er hefðbundið rekstrarleyfi (sbr. veitinga- og gistileyfi skv. lögum nr. 85/2007) sem brýnt er að sé tímabundið, enda var ekki ætlunin að hrófla við tímabindingu þessa leyfis.

Ætlunin var að leggja til að breyting yrði gerð á 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna, en 13. gr. kveður á um að setja eigi í reglugerð um raforkuvirki, ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru, eða síðar kunna að koma. Í reglugerðinni á m.a. að kveða á um starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa, og tímabundna löggildingu rafverktaka. Ráðuneytið vill því leggja til að orðið "tímabundna" falli brott.

Í kjölfar þessara breytinga hefur Brunamálastofnun þó óskað eftir því að við lögin verði bætt því skilyrði þegar sótt er um löggildingu, að viðkomandi hafi ekki verið sviptur löggildingu til rafvirkjunarstarfa síðastliðna 12 mánuði. Hefur það skilyrði forvarnargildi og kemur í veg fyrir að aðili sem sviptur hefur verið löggildingu geti sótt strax aftur um löggildinguna.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til í skjalinu:

- 1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja,**

neysluveitna og raffanga:

- a. Orðið „tímabundna“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. fellur brott.**
- 2. Í stað orðanna „verður að“ í 1. ml. 13. a, 1. ml. 13. gr. b, 1. ml. 1. mgr. 13. gr. c og 1. ml. 1. mgr. 13. gr. d, kemur: skal.**
- 3. Á eftir 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d kemur nýr töluliður, svohljóðandi: ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði.**

Að lokum vill ráðuneytið biðjast velvirðingar á mistökunum sem urðu við ritun frumvarpsins.

*Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1149
komudagur 8.3.2010*

Reykjavík 4. 3. 2010.
Tilvísun nr. 201003-0073.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með tölvubréfi dagsettu 25. febrúar sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn embættis sérstaks saksóknara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungasölu nr. 91/1991 með síðari breytingum og lögum um meðfeðr einkamála nr. 91/1991 með síðari breytingum, mál nr. 392.

Undirritaður sérstakur saksóknari hefur farið yfir frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Sérstakur saksóknari,

Ólafur Þ. Hauksson.

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1147
komudagur 8.3.2010

Reykjavík, 4. mars, 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 og um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991., mál nr. 392. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi.)

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar allsherjarnefndar Alþingis dagsett 25. febrúar 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 og um breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991


Félagið tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að svo stöddu. Félagið bendir hins vegar góðfúslega á að varhugavert getur verið að gera ákveðnum málaflokki hærra undir höfði en öðrum. Þá vill félagið benda á að umrædd niðurstaða frumvarpsins rúmast innan 161. gr. laga um einkamál nr. 91/1991 þar sem fram kemur að Hæstiréttur ákveði hvenær mál verði flutt.

II. Annað


Að lokum áskilur Félagið sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.


Virðingarfyllt



Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda



Alþingi
Erindi nr. P 138/1114
komudagur 4.3.2010



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 3. mars 2010
Tilvísun FLE 10-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni: Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð
einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.**

Með tölvupósti dags. 25. febrúar s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 138/1131

komudagur 5.3.2010

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. mars 2010

Tilvísun: 2010020098

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána. Þskj. 700 - 392. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts er barst eftirlitinu 25. febrúar sl. þar sem Allsherjarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána. Þskj. 700 - 392. mál.


Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason



Linda K. Björgvinsdóttir
Linda Kolbrún Björgvinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1181
komudagur 9.3.2010



**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

Stöðvæðing um heilbrigði og gæðum með samtíðlegri



www.heimilinn.is - heimilinn@heimilinn.is

Umsögn um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána.
Flm.: Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Birgitta Jónsdóttir,
Þór Saari, Ólöf Nordal, Ólína Þorvarðardóttir, Þráinn Bertelsson,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Atli Gíslason, Erla Ósk Ásgeirsdóttir.

Þskj. 700 — 392. mál.

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.
Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

Hagsmunasamtök heimilanna taka heilshugar undir þær breytingar á ofanefndum lögum sem lagðar eru til í Þingskjali 700 – 392. mál.

Samtökin leggja það til að fjárnámum verði einig frestað, jafnvel að þingfestingar stefna verði sett í frest.

Hagsmunasamtök heimilanna geta einnig stutt þá greinagerð sem fylgir þessari breytingu á lögum nr. 91/1991 og breytingu á lögum nr. 90/1991 auk þess sem samtökin vilja leggja til að ljóst er að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-7206/2009 er í fullu gildi og hvetur því alla sína félagsmenn sem og aðra lántakendur að leita réttar síns með tilvísun í **60. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands**

Hagsmunasamtök heimilanna leggja það til að bæði sé krafist endurgreiðslu á ofteknum greiðslum og þess að eftirstöðvar höfuðstóls verði leiðréttar.

Að krafist sé að ofteknir vextir og endurgjald verði dregnir af upprunalegum höfuðstól og eftirstöðvar, ef einhverjar eru, greiðist samkvæmt upprunalegri greiðsluáætlun. (Oftekna vexti fram að gjalddaga skuldar skal þá miða við það sem er umfram hæstu auglýstu útlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða á hliðstæðum lánnum á þeim tíma er til skuldar var stofnað.)

Einnig að þar til fullnaðarleiðrétting hefur orðið á samningi lántaka eða þar til Hæstiréttur Íslands hefur staðfest dóm Héraðsdóms mun lántakandi halda eftir greiðslum sem svara til mismunar á þegar framkvæmdum greiðslum og samsvarandi greiðslum vegna samningsins samkvæmt upprunalegri greiðsluáætlun.



Einnig að farið sé fram á það við lánveitanda að næsti greiðsluseðill þar á eftir sé í samræmi við upprunalega greiðsluáætlun. Verði fyrirtækið ekki við þeirri ósk er lagt til annars vegar að: samsvarandi upphæð sé lögð inn á geymslufjárreikning stofnuðum á nafn og kennitölu lánveitanda með því afhendingarskilyrði að lánveitandi geti staðfest að fullnustuleiðrétting samnings hafi verið gerð eða að greiðsluseðlar séu í samræmi við upprunalega greiðsluáætlun. Hins vegar að: lántakandi leggi samsvarandi mánaðargreiðslur inn á reikning í eigin nafni mánaðarlega og haldi á þann hátt eftir greiðslum þar til fullnustuleiðrétting á samningi hefur verið gerð.

Þó svo að Hagsmunasamtök heimilanna heilshugar styðji þessa breytingu á lögum þá vilja samtökin að það komi skírt fram, með tilliti til umfangs þeirra ólögmætu viðskiptahátta sem stundaðir hafa verið, að það sé álit samtakanna að þau fjármálastofnanir og einstaklingar sem þar starfa hafi haft verulegan hag af þessum ólögmætu viðskiptaháttum og þá fyrir borð borið almanna hag. Og bera þessir aðilar því aukna refsiaþbyrgð samkvæmt hegningarlögum.

Það er álit Hagsmunasamtaka heimilanna að öll verðtrygging neytendalána með vöxtum, hvort sem hún er bundin við dagsgengi erlendra gjaldmiðla, vísitölur eða hvert annað mælitæki sem er, sé ólögmæt. Með hinni sér íslensku verðtryggingu er allri áhættu vegna veðskulda og lánasamninga komið yfir á lántaka. Bankar, fjármálastofnanir (þar með talið lífeyrissjóðir) eru firrt þeirri ábyrgð sem það felur í sér að fara með allmannafé þar sem óvarlegar fjárfestingar, stöðutaka gegn krónunni og annað verðbólguhvetjandi er hreynlega verðlaunað með sjálfvirkri uppfærslu á eignasöfnum.

Þrátt fyrir að Hagsmunasamtök heimilanna hafi fullt traust til réttarríkisins og hlutleysi Íslenskra dómstóla þá fagna samtökin því framtaki þeirra einstaklinga, sem ekki hafa trú á Íslenskri löggjöf og dómskerfi, að leggja fram Íslenska lánasamninga viðskiptabankanna fyrir erlenda dómstóla til að fá ólögmæti þeirra staðfest svo hægt sé að stefna Íslensku bönkunum (protabúunum) í gegnum starfsstöðvar þeirra í viðkomandi löndum. Að fá íslenskan lánasamning dæmdan ólögmætan í skandinavíu eða öðrum ríkjum Evrópu er mikilvægt réttaröryggi þeirra Íslendinga sem þegar hafa hrakist af landi burt í þeim ríkjum sem þeir hafa sest að þar sem kröfuhöfum er þá ekki lengur fært að innheimta kröfur sem byggðar eru á ólögmætum lánasamningum og tilheyrandi óraunhæfan kostnað vegna níðingslegra innheimtuaðgerða.

Það er von Hagsmunasamtaka heimilanna að svo fljótt sem auðið er sé skorið úr um lögmæti verðtryggðra neytendalána með vöxtum hvort sem það verði fyrir tilstuðlan dómstóls hér á Íslandi eða annarsstaðar.

Reykjavík 7. mars 2010

Fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna.



Hólmsteinn A. Brekkan

hagsvid@heimilin.is

Axel Pétur Axelsson

heimilin@heimilin.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/1130
komudagur 5.3.2010




Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.03.2010
201003120
60.12
EJ

Efni: Umsögn um frumvarp um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð, 392. mál

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,


Einar Jónsson hdl.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2010.

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána. 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 700.– 392. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á (1) lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og (2) lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Verður nánar fjallað um hvora breytingartillöguna fyrir sig hér á eftir, þar sem athugasemda laganefndar LMFÍ verður getið.

1. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða bætist við lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála:

*„Nú er ágreiningur milli aðila um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging). Hyggist aðili höfða mál vegna slíks ágreinings getur hann óskað eftir því að málið sæti meðferð eftir ákvæðum XIX. kafla um flýtimeðferð einkamála.
Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2010.“*

Af hálfu laganefndar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna:

- a) Telja má orðalagið „*getur hann óskað eftir því*“ óheppilegt í þessu sambandi, enda er ekki ljóst hvort vilji löggjafans stendur til þess að viðkomandi aðilar fái *sjálfkrafa* flýtimeðferð vegna málsins fyrir Héraðsdómi eða hvernig umsóknarferlinu verði háttað að öðru leyti. Í raun má halda því fram, að hver sem er geti *óskað eftir* flýtimeðferð. Hlutverk löggjafans er hins vegar að mæla fyrir um hverjir skuli *eiga rétt á því* að mál þeirra fái flýtimeðferð.

Vissulega er þó orðalagið „*óskað eftir*“ einnig notað í 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, í umfjöllun um hvenær veita skuli heimild til að mál sæti flýtimeðferð. Hér ber hins vegar að hafa í huga að í 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 er sérstaklega tekið fram að viðkomandi geti óskað eftir því „... að málið sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla ef brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi hún almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans“ [auðkennt hér]. Þá segir í 2. mgr. 123. laga nr. 91/1991: „Í beiðni skal rökstutt ítarlega hvernig megi telja skilyrðum 1. mgr. fullnægt.“ Í frumvarpinu, sem hér er til skoðun-

ar, er hins vegar ekki að finna neina talningu á slíkum skilyrðum, sem mál skal uppfylla svo það fái flýtimeðferð (þ.e. önnur en að mál varði ágreining „... milli aðila um lán eða kaupleigusamning ...“). Standi vilji löggjafans til þess að öll þau mál, þar sem fyrir hendi er „ágreiningur milli aðila um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging)“ fái flýtimeðferð, þá er æskilegt að það verði tekið fram berum orðum í frumvarpinu. Að öðrum kosti þarf að taka fram hvaða skilyrði málin þurfa að uppfylla til þess að flýtimeðferð verði veitt.

b) Tilgreiningin „ágreiningur milli aðila um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging)“ er ekki nægilega nákvæm. Ætla má að vilji löggjafans standi einkum til þess að hið nýja ákvæði taki til ágreinings milli lánastofnunar og lántaka (þ.e. aðila viðkomandi lánsamninga / kaupleigusamninga). Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu þá gæti það hins vegar einnig tekið til þess ef ágreiningur kæmi upp milli hjóna við skilnað, um það hvort hjónanna skuli taka að sér að greiða afborganir af láninu eftir skilnaðinn, svo dæmi sé tekið. Orðalagið „...ágreiningur milli aðila um lán eða kaupleigusamning“ er ekki nægilega skýrt að þessu leyti og mælist laganefnd til að því verði breytt.

c) Laganefnd telur það ekki falla undir verksvið sitt að fjalla um pólitískt mat löggjafans. Þrátt fyrir það má nefna að mikill fjöldi afar brýnna mála, sem þurfa fyrirsjáanlega skjóta úrlausn, bíður afgreiðslu hjá dómstólunum. Viðbúið er að þeim málum muni koma til með að fjölga verulega á næstu mánuðum og misserum. Er rétt að löggjafinn hafi í huga hvort rétt sé að veita einum mála-flokki forgang í afgreiðslu dómskerfisins, líkt og lagt er til í frumvarpinu.

2. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða bætist við lög nr. 90/1991 um nauðungarsölu:

„Frá gildistöku laga þessara ber sýslumanni að fresta fram yfir 31. desember 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu skv. 6. gr. á grundvelli lána eða kaupleigusamninga sem eru tilgreindir í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging). Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar eignar til fullnustu kröfu

skv. 6. gr. við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður við gildistöku þessara laga fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. desember 2010.“

Af hálfu laganefndar eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við breytingartillöguna.

Af hálfu Laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl., formaður.

Alþingi
Erindi nr. P /138/1113
komudagur 4.3.2010



NEYTENDASAMTÖKIN

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is


Reykjavík, 4. mars 2009.

Umsögn um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

Neytendasamtökin taka undir það sem fram kemur í athugasemdum við ofangreint frumvarp að gríðarleg réttaróvissa er nú uppi um það hvort erlend lán standist lög. Eðli máls samkvæmt, og við þær aðstæður sem nú eru uppi, er afar brýnt að skorið verði úr þeirri réttaróvissu sem fyrst. Þá er það jafnframt svo, eins og einnig kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að samningar um erlend lán eru af ýmsu tagi og væntanlega þarf að höfða mörg dómsmál um gildi slíkra samninga svo réttarstaða allra þeirra er tóku erlent lán sé ljós. Þó þeir dómur komi svo til með að hafa fordæmisgildi hvað varðar hverja tegund lánsamnings er hins vegar óljóst, komi lántakendur til með að vinna málin, hvernig hver og einn þeirra tugþúsunda lántakenda sem um ræðir kemur til með að geta leitað réttar síns gagnvart lánveitanda. Því telja samtökin afar mikilvægt að sett verði lög um hópmálsókn hið fyrsta. Nú hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, þar sem lagt er til að við lögin bætist nýr kafli um hópmálsóknir. Með vísan til ofanritaðs hvetja samtökin til þess að það frumvarp fái skjóta meðferð hjá Alþingi svo að sú réttarbót sem þar er lögð til fái nýst almenningi við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Jafnframt telja Neytendasamtökin brýnt að nauðungarsölum á grundvelli erlendra lána verði frestað, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Enda verður ekki séð fyrir endann á því hvernig leiðréttu ætti slíkar gerðir komi í ljós að lánveitingar af þessum toga séu ólöglegar. Þá ætti það að vera sjálfsagður réttur lántaka að þurfa ekki að þola fullnustugerðir meðan svo fullkomin réttaróvissa gildir um lögmæti þeirra krafna sem þær byggjast á.

Neytendasamtökin styðja því eindregið ofangreint frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1107
komudagur 2.3.2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 01.03.2010
Tilv. 2010/0131 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál

Vísað er til tölvupósts, dags. 25. febrúar 2010, þar sem óskað er umsagnar Neytendastofu á frumvarpi til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

Neytendastofa þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um framangreint frumvarp. Stofnunin gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Þórunn Anna Árnadóttir
Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Réttarfarsnefnd

Alþingi
Erindi nr. P 138/1109
komudagur 3. 3. 2010

Reykjavík, 2. mars 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Réttarfarsnefnd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis 25. febrúar 2010 þar sem óskað er eftir að látin verði í té umsögn um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána (þingskjal nr. 700, 392. mál). Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimila megi til ársloka 2010 að einkamál vegna lánsamninga í íslenskum krónum, sem bundnir eru við gengi erlendra gjaldmiðla, sæti flýtimeðferð og hins vegar að fresta beri fram yfir sömu áramót nauðungarsölum sem leitað er til fullnustu á slíkum skuldbindingum.


Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er tilefni þess ágreiningur sem hefur risið um lagaheimild til að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Um þetta hafa nýlega gengið tveir héraðsdómar þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu. Fram hefur komið í opinberri umræðu að báðum þessum dómum hafi verið eða muni verða áfrýjað til Hæstaréttar.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að öll einkamál um sakarefni af þessum toga geti sætt flýtimeðferð frá upphafi málsmeðferðar. Réttarfarsnefnd telur ekki koma til álita að öll þessi mál geti átt aðgang að dómstólum eftir reglum um flýtimeðferð í XIX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, enda augljóst að slíkt mundi raska starfsemi dómstóla þannig að algerlega óviðunandi yrði. Þess í stað er nægilegt að fáein mál verði dæmd til að fordæmi fáiist um ágreiningsefni af þessum meiddi. Þar sem dómar hafa þegar gengið í héraði má vænta þess að mál um þetta komi til kasta Hæstaréttar innan tíðar. Í ljósi þess að aðkallandi er að leyst verði úr álitaefnum um þetta má gera ráð fyrir að málsmeðferð fyrir Hæstarétti verði hraðað eftir föngum. Lögfesting þessa frumvarps fengi þó engu breytt að því leyti, enda snýr það að frumákvörðun um flýtimeðferð máls, sem ávallt er tekin fyrir héraðsdómi.

Réttarfarsnefnd sér ekki að réttmæt ástæða geti verið til að fresta með lagaboði öllum nauðungarsölum til fullnustu á skuldbindingum sem hér um ræðir til loka þessa árs, svo sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins. Til stuðnings því nægir að nefna að vel má vera að úr þessum álitaefnum verði leyst með dómi Hæstaréttar fyrir mitt þetta ár og væri því ótækt að nauðungarsölum hefði sjálfkrafa verið frestað til viðbótar um ríflega sex mánuði. Gerðarþola við nauðungarsölu, sem leitað væri til fullnustu skuldbindingar sem þessarar, væri að auki í lófa lagið að halda þar uppi vörnum á þessum grundvelli gegn framgangi nauðungarsölnnar eftir almennum málsmeðferðarreglum laga nr. 90/1991.

Að virtu framangreindu mælir réttarfarsnefnd eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason ritari.

Alþingi
Erindi nr. E 138/1179
komudagur 9.3.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána - 392. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtök atvinnulífsins telja rétt að fá úr þeirri réttaróvissu sem uppi er um lagalegt gildi gengistryggðra lána skorið áður en fyrirtæki og einstaklingar verða sviptir eign sinni með nauðungarsölu vegna slíkra lána. Að sama skapi er mikilvægt að þeir sem vilja lána reyna á lagalegt gildi slíkra lána geti fengið meðferð málanna flýtt fyrir dómi þar sem ekki er sjálfgefið að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-7206/2009 teljist hafa almennt fordæmisgildi í öðrum málum er varða slík lán.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að hugsanlega geti almennir starfsmenn fjármálafyrirtækja borið ábyrgð á tjóni neytenda vegna ólögmæti gengisbundinna lána. Samtök atvinnulífsins telja þessa athugasemd í greinargerðinni ekki vera í samræmi við skaðabótalög og varhugavert að hafa slíka ályktun í greinargerð með lögum frá Alþingi.

Samtök atvinnulífsins styðja frumvarpið að öðru leyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1180
komudagur 9.3.2010

SFF
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 9. mars 2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

SFF styðja heilshugar lögfestingu frumvarpsins og leggja áherslu á að brýnt er að niðustaða Hæstiréttar liggi fyrir sem fyrst í málum sem varða ágreining um lögmæti lána í erlendri mynt.

Samtökin telja ástæðu til að gera athugasemdir við ummæli í greinargerð þar sem fjallað er um hugsanlega ábyrgð almennra starfsmanna fjármálafyrirtækja á mögulegu tjóni neytenda ef Hæstiréttur dæmir lán í erlendri mynt ólögmæt. Þar er vísað til 1. másl. 2. mgr, sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Ekki er unnt að draga þá ályktun að starfsmenn fjármálafyrirtækja verði gerðir persónulega ábyrgir fyrir hugsanlegu tjóni viðskiptavina sem má rekja til þess að vara sem fyrirtæki býður upp á reynist ekki vera í samræmi við lög. Í þessu sambandi er áréttað að starfsmaður sem valdð hefur tjóni sem ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til verður ekki skaðabótaskyldur nema tjón verði rakið ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins sjálfs sbr. 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga. SFF telja málinu ekki til framdráttar að viðhafa slík ummæli sem beinast að einstökum starfsmönnum og telja brýnt ef frumvarpið verður lögfesti að allsherjarnefnd taki ekki undir slík sjónarmið greinargerðarinnar.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1206
komudagur 9.3.2010

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) styðja lögfestingu frumvarpsins og leggja áherslu á nauðsyn þess að Hæstiréttur afgreiði málið sem fyrst.

Í næst síðustu málsgrein í „Greinargerð“ segir:

„Talsmaður neytenda benti á þetta á vefsíðu sinni 30. desember 2009. Þar kemur einnig fram að ekki sé útilokað að jafnvel stjórnendur fyrirtækja og jafnvel almennir starfsmenn beri meðábyrgð á hugsanlegu tjóni neytenda ef og þegar Hæstiréttur staðfestir ólögmæti gengisbundinna lána, sbr. sanngirnismælikvarða 1. másl. 2. mgr., sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga þar sem kveðið er á um að lita skuli til „sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti“ og „hagsmuna tjónþola“ en 24. gr. sömu laga getur einnig komið til álita til mildunar á hugsanlegri skaðabótaábyrgð“.

SSF gerir sömu athugasemdir og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) við þennan kafla í greinargerð með frumvarpinu og ítrekar eftirfarandi úr umsögn SFF:

„Samtökin telja ástæðu til að gera athugasemdir við ummæli í greinargerð þar sem fjallað er um hugsanlega ábyrgð almennra starfsmanna fjármálafyrirtækja á mögulegu tjóni neytenda ef Hæstiréttur dæmir lán í erlendri mynt ólögmæt. Þar er vísað til 1. másl. 2. mgr, sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Ekki er unnt að draga þá ályktun að starfsmenn fjármálafyrirtækja verði gerðir persónulega ábyrgir fyrir hugsanlegu tjóni viðskiptavina sem má rekja til þess að vara sem fyrirtæki býður upp á reynist ekki vera í samræmi við lög. Í þessu sambandi er áréttað að starfsmaður sem valdö hefur tjóni sem ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til verður ekki skaðabótaskyldur nema tjón verði rakið ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins sjálfs sbr. 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga. SFF telja málinu ekki til framdráttar að viðhafa slík ummæli sem beinast að einstökum starfsmönnum og telja brýnt ef frumvarpið verður lögfesti að allsherjarnefnd taki ekki undir slík sjónarmið greinargerðarinnar“.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

Friðbert Traustason, formaður.



Alþingi
Erindi nr. P 138/1148
komudagur 8.3.2010

4. mars 2010
Dags. yðar: 25. febrúar 2010
SI-61500

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

Með tölvupósti dags. 25. febrúar 2010, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að í 1. gr. frumvarpsins sé lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög um meðferð einkamála nr. 91/1991, með síðari breytingum, þar sem heimilt verði að óska eftir flýtimeðferð þegar um mál ræðir þar sem deilt er um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging). Í greinargerðinni segir ennfremur að í 2. gr. frumvarpsins sé lagt til að nauðungarsölum vegna lána eða kaupleigusamninga sem eru tilgreindir í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging) verði frestað sjálfkrafa til 31. desember 2010.

Seðlabanki Íslands tjáir sig ekki um frumvarpið þar sem efni þess snýst um réttarfarsatriði sem eru fyrir utan starfssvið bankans.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/1129
komudagur 5.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum og breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum, 392. mál, lagt fyrir 138. löggjafarþing 2009-2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi frá Allsherjarnefnd Alþingis dags. 25. febrúar 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um flýtimeðferð einkamála og frestun nauðungarsölu.

1. gr.

Tollstjóri gerir ekki athugasemd við efni þessarar greinar.

2. gr.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við efni þessarar greinar en bendir þó á ákvæði 14. gr. laga um nauðungarsölu en þar segir að nauðungarsölubeiðnir sem berast á svipuðum tíma skuli sameinaðar í eitt mál. Þetta getur haft í för með sér að nauðungarsölubeiðni Tollstjóra (innheimtumanns ríkissjóðs) verði sameinuð nauðungarsölubeiðni kröfuhafa samkvæmt gengistryggðum lánsamningi. Nauðungarsölubeiðni tollstjóra frestast því um sama tíma og nauðungarsölubeiðni kröfuhafa hins gengistryggða lánsamnings.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elfnar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána. (392. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingu til bráðabirgða á lögum um meðferð einkamála og lögum um nauðungarsölu, vegna gengistryggðra lána.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands